

## Um Virgilio Piñera

Kúbverski rithöfundurinn Cabrera Infante segir frá því í endurminningum sínum að Virgilio Piñera hafi brostið í grát þegar félagar hans ráðlögðu honum að snúa ekki aftur til Kúbu heldur vera um kyrrt í París þar sem hann var staddur árið 1965. Virgilio, skrifar Cabrera Infante, sagðist ætla aftur heim, hvað svo sem biði hans þar. Hann gæti þolað hvað sem væri: útskúfun, fangelsun, fangabúdir, en ekki fjarvistir frá Havana. Og Cabrera Infante rifjar upp söguna um manninn sem er boðið að komast burt úr logum helvítis og til himnaríkis en kaus að fara hvergi.<sup>1</sup>

Skömmu eftir Svínaflóainnrásina árið 1961 var Virgilio Piñera staddur á frægum fundi með menningarfrömuðum og byltingarhetjum í Þjóðarbókhöðunni við Byltingartorgið í Havana.<sup>2</sup> Þar voru saman komnir á sjötta hundrað rithöfunda og menningarvita ásamt Fidel Castro, nýjum forseta landsins. Formaður rithöfundasambandsins kallaði eftir því að menn tjáðu sig um ritskoðun og stöðu rithöfunda í byltingunni. Gefum Cabrera Infante aftur orðið: Það ríkti grafarþögn. Skyndilega var þögnin rofin þegar feiminn maður og óframfærinn reis úr sæti sínu. Hann gekk að hljóðnemanum og lýsti því yfir að hann væri hræddur: „Ég vil bara segja að ég er mjög hræddur. Ég veit ekki af hverju ég er svona hræddur en þetta er það sem ég vildi segja.“ Piñera hafði í raun sagt það

1 Cabrera Infante, Guillermo (1998): *Vidas para leerlas*. Madrid: Alfaguara, bls. 52, 53. Hér fengið úr Cervera, Vicente og Mercedes Serna (2008): „Introducción“, í Piñera, Virgilio (2008): *Cuentos fríos. El que vino a salvarme*. Ritstj. Cervera, Vicente og Mercedes Serna. Madrid: Cátedra, bls. 11–122, hér bls. 39.

2 Erla Erlendsdóttir (2008): „Smásagan á Kúbu á 20. öld“, í *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Dómíníska Lýðveldinu og Púertó Ríkó*. Ritstj. Kristín Guðrún Jónsdóttir og Erla Erlendsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 29–45, hér bls. 36–37.

sem margir í salnum hugsuðu en brast kjark til að tjá frammi fyrir sjálfum forsetanum og öðrum valdamönnum.<sup>3</sup>

Um þessar mundir var Piñera handtekinn í víðtækri herferð gegn vændi, vændissölu og samkynhneigð sem átti sér stað í október 1961. Þegar hann var látinn laus kom hann að heimili sínu, leiguíbúð í Guanabo, lokuðu og innsigliðu. Hann var orðinn flóttamaður, óvinur ríkisins, pólitískur fangi og það sem hann átti eftir ólifað þjádrist hann af stöðugum ótta; þessi hræðsla endurspeglar í mörgum verka hans.<sup>4</sup> Bókmenntarýnirinn Aída Beaupied kallar Piñera „rithöfund óttans“ en dáist jafnframt að hugrekki hans og áráðni við oft afar erfiðar aðstæður.<sup>5</sup> Piñera hefur orð á því í skrifum sínum að hlutskipti sitt hafi verið erfitt: Hann var fátækur, hann var rithöfundur og samkynhneigður.

Virgilio Piñera Llera er meðal athyglisverðustu rithöfunda Kúbu á 20. öld. Hann fæddist í Cárdenas árið 1912 og ólst þar upp til þrettán ára aldurs. Síðar bjó hann ásamt fjölskyldu sinni í bænum Camagüey þar sem hann lauk stúdentsprófi. Hann hugði á frekara nám við háskólann í Havana árið 1934 en ekkert varð úr skólagöngu hans þá, því að yfirmaður hersins, Fulgencio Batista hershöfðingi, síðar forseti lýðveldisins, lét loka háskólanum og var hann ekki opnaður aftur fyrr en 1937. Þá hóf Piñera nám og stundaði það fram til 1941 án þess þó að ljúka háskólagráðu. Í Havana lagði hann að auki stund á ritstörf, hélt fyrirlestra og ritaði bókmenntagagnrýni.

Þegar spænska skáldið og rithöfundurinn Juan Ramón Jiménez settist að á Kúbu á flótta undan borgarastyrjöld í heimalandi sínu gaf hann út ljóðasafn<sup>6</sup> með ljóðum eftir ýmsa unga og efnilega kúbverska höfunda. Fyrir valinu varð m.a. ljóðið „Hið þögla óp“ eftir Virgilio Piñera og má segja að útgáfan marki upphafið að ferli hans sem skálds og rithöfundar.

3 Cabrera Infante, Guillermo (1998): *Vidas para leerlas*. Madrid: Alfaguara, bls. 35. Hér fengið úr Piñera, Virgilio (2008): *Cuentos frío. El que vino a salvarme*. Ritsstj. Cervera, Vicente og Mercedes Serna. Madrid: Cátedra, bls. 38. Beaupied, Aída (2012): „Celebrando a Virgilio Piñera, escritor del Miedo“ í *Virgilio Piñera. El artificio del miedo*. Ritsstj. López Cruz, Humberto. Madrid: ehc (editorial hispano cubana), bls. 47–69, hér neðanmálgrein bls. 48.

4 Cervera, Vicente og Mercedes Serna (2008): „Introducción“, í Piñera, Virgilio (2008): *Cuentos frío. El que vino a salvarme*. Madrid: Cátedra, bls. 39.

5 Beaupied, „Celebrando a Virgilio Piñera, escritor del Miedo“, bls. 47.

6 *La poesía cubana en 1936* kom út árið 1937.

Piñera orti ljóð, skrifaði leikrit, skáldsögur og smásögur. Hann var án efa einn merkasti leikritahöfundur á spænska tungu en flest leikrit hans má setja undir hatt absúrdismans. Hann var afar upptekinn af fagurfræði holdsins og falla margar smásögur hans í þann flokk sem og helsta skáldsaga hans, *La carne de René* (Hold Renés, 1952). Það sem einkennir Piñera er hversu kaldhæðinn og háðskur hann er í skrifum sínum, og í mörgum verka hans „rennur saman hið raunverulega, hið hversdagslega, hið furðulega, fáránleikinn og ráðgátan.“<sup>7</sup>

Virgilio Piñera sendi frá sér tvö smásagnasöfn. Það fyrra, *Cuentos fríos* (Kaldar sögur), kom út árið 1956. Síðara smásagnasafn sitt nefndi hann *El que vino a salvarme* (Sá sem kom mér til bjargar) og var það gefið út árið 1970. Árið 1987, átta árum eftir andlát hans, komu út tvö smásagnasöfn annað undir titlinum *Un fogonazo* (Eldar) og hitt ber heitið *Muecas para escribientes* (Grettur handa skrifurum).<sup>8</sup>

Sögurnar sem hér birtast í þýðingu eru úr tveimur fyrstu smásagnasöfnum Piñera. Sagan „Helvíti“ er úr *Cuentos fríos* (Kaldar sögur) frá 1956 en „Fjallið“ og „Andvaka“ eru úr *El que vino a salvarme* (Sá sem kom mér til bjargar) frá árinu 1970. Sagan „Andlitið“ úr *Cuentos fríos* kom út í íslenskri þýðingu árið 2008.<sup>9</sup>

7 Erla Erlendsdóttir, „Smásagan á Kúbu á 20. öld“, bls. 35.

8 Piñera, Virgilio (1999): *Cuentos completos*. Ritstj. Antón Arrufat. Madrid: Alfaguara.

9 Piñera, Virgilio (2008): „Andlitið“, í *Svo fagurgrænar og frjósamar. Smásögur frá Kúbu, Dómíníska ljóveldinu og Púertó Ríkó*. Ritstj. Kristín Guðrún Jónsdóttir og Erla Erlendsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 121-128.